

18. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Þingborg 28. júní 2010.

Mættir:

Aðalsteinn Sveinsson

Guðmundur Jón Sigurðsson

Kristín Sigurðardóttir

Elín Höskuldsdóttir

Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð

Vinnuhópurinn kom saman til að ræða um fyrirhugaðar jarðvegsframkvæmdir við Flóaskóla.

Elías Þráinsson mun annast framkvæmdir en hann var lægstbjóðandi í verkið sem boðið var út í lokuðu útboði. Framkvæmdir felast í upptöku bráðabirgðavegs frá Þjósárverri og flytja efni úr honum til fyllingar í stækkun bílastæðis neðan við gamla skóla ásamt ofaníbúð og sléttun á bílastæði.

Einnig jarðvegsskipti og undirvinna fyrir malbikað plan framan við eldri og nýrri hluta skólans, malbikun plans og fyllingu og sléttun með sandi eða öðru fínu efni að nýbyggingu skólans.

Vinnuhópur samþykkir að óska eftir upplýsingum hjá verktaka í lokafrágang svæðis við skólann.

Einnig var rætt um stigahandrið og uppsetningu þess. Óskað var eftir sundurliðun á efni og vinnu vegna stigahandriðs fyrir næsta fund vinnuhóps.

Fjallað var um það sem eftir er að kaupa af innanstokksmunum í skólann og óskað eftir því að listi yfir þá muni ásamt kostnaðaráætlun liggi fyrir á næsta fundi.

Einnig fjallað um efnisval á málningu og lagt til að málað verði í beinhvítu.

Næsti fundur er áætlaður 5. júlí n.k. kl. 10:00

Aðalsteinn Sveinsson
Jón
Guðmundur Jón Sigurðsson
Kristín Sigurðardóttir
Margrét Sigurðardóttir